

Mál nr. 3/2018**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er maður skall á bifreið á ferð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 15. maí 2017 var lögregla kvödd að tilteknu fjölbýlishúsi í Reykjavík þar sem maður, M, hafði skolið á bifreið, A, og orðið fyrir meiðslum. Við slysið mun M hafa rotast og hlotið meiðsl á höfði og í baki.

Samkvæmt lögregluskýrslu kvaðst M ekki nákvæmlega viss um hvað hafi gerst. Barnsmóðir hans hafi komið að sækja dóttur þeirra og hafi þau farið að rifast. Muni hann eftir að hún hafi kallað eitthvað til hans sem hafi gert hann mjög reiðan, en síðan muni hann ekki frekar eftir því sem gerðist.

Í lögregluskýrslu er haft eftir B, ökumanni A, að hún hafi komið að húsinu ásamt D, systur sinni, til að sækja dóttur sína og M. M hafi verið æstur og reiður og hafi hann ráðist á hana inni í eldhúsi, tekið hana hálstaki og ætla að yta sér út. Eftir að hafa tekið dót barnsins saman hafi þær farið út með barnið. M hafi komið út á svalir er hún var að fara inn í bifreiðina. Þau hafi kallað ókvæðisorðum hvort til annars. Við það hafi M reiðst og komið „fljúgandi“ niður stigann. Hún hafi verið komin inn í A og búin að bakka úr stæði og verið að setja hana í fyrsta gír og að taka af stað þegar hann hafi komið „fljúgandi“ á vinstri hlið A. Um leið og M kom á A hafi hún verið að keyra og orðið mjög hrædd þar sem hún hafi verið með barnið í bifreiðinni. Hún hafi ekið á brott og séð í spegli að M lá í götunni, en hún hafi ekki þorað að stöðva af ötta við M.

Þegar slysaatvikið varð kvaðst D hafa setið í aftursæti A með dóttur þeirra B og M. B hafi bakkað úr stæði og hafi „rosa“ högg komið á rúðuna sín megin. Hafi hún litið við og séð að M hafi fleygt sér á bílinn og hent sér svo á jörðina. Þær hafi svo ekið á brott.

Á vettvangi hafði lögregla tal af þremur nafngreindum sjónarvottum. Eitt vitnið hafði horft á atvikið úr glugga heima hjá sér. Hið sama hafði annað vitnið gert úr öðru húsi. Þriðja vitnið hafði komið akandi suður götuna þar sem atvikið varð. Bar vitnunum saman um að hafa séð hvar A hafi verið ekið norður götuna en M hafi komið hlaupandi frá fyrrgreindu húsi og hlaupið á vinstri hlið A. Við höggið hafi hann snúist niður, fallið aftur fyrir sig og lent á bakinu og með hnakkann í götuna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við slysið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Jafnframt er mælt fyrir um það í 2. mgr. sömu gr. að bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Samkvæmt framburði B kvaðst hún hafa verið að taka af stað og í þeirri andrá sem M lenti á A hafi hún verið að keyra. Þá bar fyrrgreindum sjónarvottum, sem lögregla ræddi við á vettvangi, saman um að A hafi verið á ferð er M hafi hlaupið á vinstri hlið A. Með vísan til þessa er engum vafa undirorpið að A var á ferð í þann mund sem M lenti á henni og féll síðan í götuna. A var því í notkun í skilningi fyrrgreinds ákvæðis 1. mgr. 88. gr. og hlaust slysið af notkun A. Kemur þá til skoðunar hvort beita megi heimild 2. mgr. um að lækka eða fella niður bætur til M ef hann telst hafa verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Nægilega telst sannað samkvæmt framburði sjónarvotta að M hafi hlaupið á A er henni var ekið á brott frá húsi því þar sem hann

dvaldist. Þótt ásetningur M hafi ekki staðið til þess að valda sjálfum sér skaða mátti hann engu að síður gera sér ljósa grein fyrir þeirri miklu hættu sem hann stofnaði sér í með því að hlaupa vísitandi á bifreiðina sem var á ferð. Eins og hér stóð á og málsatvik metin í heild sinni verður að meta háttsemi hans til stórkostlegs gáleysis og telja verður sök hans það mikla og alvarlega að ekki verði hjá því komist að fella með öllu niður rétt hans til bóta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.